

Bæjarstjórn Vesturbyggðar
Aðalstræti 75 Patreksfirði.

Patreksfirði 28. október 2024.

Stórskipakantur á Patreksfirði

Útgerðir Vestra BA 63 og Núps BA 69 skora á bæjarstjórn Vesturbyggðar að vinna að alefli að halda áfram að byggingu stórskipakants við innanverða Vatneyri.

Núverandi höfn fullnægir ekki kröfum um öryggi hafna fyrir svo stór skip, né önnur stór skip sem þarfnast þjónustu hafnarinnar.

Umræða er hafin hjá stjórnvöldum um eflingu strandflutninga (sjá umfjöllun í Mbl 30.9.24), en það er baráttumál okkar sem staðið hefur lengi yfir, en hefur ekki gengið eftir vegna erfiðrar aðkomu að höfninni sem skipafélögin hafa ekki treyst á.

Þá eru nýjar hugmyndir um að Ameríkuskip Eimskips komi við á Vestfjörðum, áður en siglt er vestur um haf að taka lax, sem yrði mikilvægur þáttur með bættri hafnaraðstöðu á Patreksfirði.

Auk þess að slíkur hafnarkantur gæti þjónað stórum fiskiskipum, er ekki síður brýn þörf fyrir aðrar tegundir skipa s.s. skemmtiferðaskipa sem hafa í auknum mæli leitað hér þjónustu og skilað góðum tekjum. Einnig má nefna stór þjónustuskip fyrir fiskeldið og aðra starfssemi á svæðinu.

Virðingarfyllt

Fh. Odda hf og Vestra ehf.

Sigurður Viggósson stjórnarformaður.